

Samkeppnisstofnun
Miðvikudagurinn 19. maí 2004

Ákvörðun til bráðabirgða nr. 1/2004

**Krafa um að beitt verði íhlutun gagnvart
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.**

I.
Erindið

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Logos, lögmannsþjónustu, f.h. Íslensks markaðar hf., dags. 3. maí 2004, ásamt fylgiskjölum. Í erindinu er þess krafist að Samkeppnisstofnun grípi nú þegar til íhlutunar gagnvart Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. (FLE) með ákvörðun til bráðabirgða, sbr. heimild í 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Jafnframt er þess krafist að FLE verði gert að greiða stjórnvaldssektir á grundvelli 52. gr. samkeppnislaga.

Íslenskur markaður telur að FLE hafi með því að segja upp leigusamningum fyrirtækisins í flugstöðinni, þann 30. apríl sl., með þriggja mánaða fyrirvara, brotið gegn 2. tölulið ákvörðunarorðs ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 2/2003. Ákvörðunarorð ákvörðunarinnar er eftirfarandi:

„Háttsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. sem tengist forvali á viðskiptataækifærum í flugstöðinni í ágúst 2002 og nánar er lýst í ákvörðun þessari brýtur í bága við 1. gr. samkeppnislaga og hefur skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. laganna. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga beinir samkeppnisráð eftirfarandi fyrirætlum til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf.

1. *Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. skal upplýsa Samkeppnisstofnun fyrir 1. júní 2003 um hvaða aðgerða hafi verið gripið til í því skyni að tryggja að starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. varðandi útleigu á verslunarrými, verslun á frísvæði og tengda starfsemi sé í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.*
2. *Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. fresti framkvæmd þess þáttar forvals á viðskiptataækifærum í flugstöðinni sem hófst í ágúst 2002, er lýtur að rekstri verslana á frísvæði flugstöðvarinnar til 1. júní 2003, eða þar til*

Samkeppnisstofnun hefur verið upplýst um aðgerðir Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. í samræmi við 1. tl. hér að framan“.

Bent er á að ofangreint ákvörðunarorð hafi verið staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 7. apríl 2003 með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 1/2003, *Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. gegn samkeppnisráði*, og hlotið staðfestingu dómstóla með dómi Hæstaréttar þann 29. apríl 2004, mál nr. 465/2003 *Íslenskur markaður hf. gegn Flugstöð Leifs Eiríkssonar og samkeppnisráði*.

Erindinu til stuðnings segir: „Engar upplýsingar hafa verið lagðar fram um fyrirhugaðar aðgerðir FLE. Sú frestun sem ákvörðunin mælir fyrir um er því enn gildandi. Umbjóðandi okkar telur óvirkætt að með uppsögn hans hafi verið tekin afstaða til forvalsgagna og honum hafnað. Slík aðgerð sé óheimil á þeim tíma sem stöðvunaráhrifa ákvörðunar samkeppnisráðs gætir“. Þessu til stuðnings er vitnað í frétt sem birtist á baksíðu Morgunblaðsins þann 3. maí sl. Þar sem fjallað er um að FLE hafi sagt upp leigusamningi við Íslenskan markað.

Kvartandi bendir ennfremur á að öðrum leigutökum í flugstöðinni hafi ekki verið sagt upp leigu. Með beitingu slíkra aðgerða gegn einum aðila á leigumarkaðnum í flugstöðinni hafi FLE misnotað yfirburðastöðu sína á samkeppnismarkaði, sbr. 11. gr. samkeppnislaga. Það álit kemur fram að uppsögnin „...þjóni þeim tilgangi að “refsa“ umbjóðanda okkar fyrir að hafa leitað atbeina samkeppnisyfirvalda og dómstóla með það fyrir augum að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og samkeppnislega mismunun í flugstöðinni“.

Í lok erindisins segir: „Með vísan til framangreinds er þess krafist að Samkeppnisstofnun grípi nú þegar til íhlutunar gagnvart FLE með ákvörðun til bráðabirgða, sbr. heimild í 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/ 1993. Nánar tiltekið er þess krafist að uppsagnir á leigusamningum umbjóðanda okkar verði lýstar ólögmetar enda fari þær í bága við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 2/2003 og feli í sér sjálfstætt brot gegn 11. gr. samkeppnislaga. Þá er þess krafist, og lögð áhersla á, að FLE verði gert að greiða stjórnvaldssektir á grundvelli 52. gr. sömu laga vegna umræddra brota.

Í ákvörðun ráðsins nr. 2/2003 var sérstaklega tekið fram að eins og því máli væri háttað væri ekki þörf á að beita sektarheimildum. Engin málsbætandi sjónarmið eiga við nú enda blasir við að FLE hefur þann einbeitta ásetning að útrýma samkeppni frá umbjóðanda okkar. Óþarft er að taka það fram að ólögmetar uppsagnir FLE hafa sett allan rekstur umbjóðanda okkar í stórkostlegt uppnám, þar á meðal réttarstöðu starfsfólks og birgja. Nái uppsagnirnar fram að ganga án frekari aðlögunar þýðir það óhjákvæmilega endalok atvinnustarfsemi sem rekin hefur verið í alþjóðlegum flugvelli í Keflavík í ríflega 30 ár“.

2.

Samkeppnisstofnun barst með bréfi, dags. 10. maí sl., ásamt fylgiskjölum, frekari rökstuðningur kvartanda í máli þessu. Má þar helst nefna umfjöllun kvartanda um skilyrði þess að tekin verði bráðabirgðaákvörðun í málinu og útskrift af viðtali við framkvæmdastjóra FLE í viðskiptaþættinum á Útvarpi Sögu þann 6. maí sl. Jafnframt er bent á að verði fyrirvaralausar uppsagnir FLE á samningum við fyrirtækið látnar óátaldar muni það valda fyrirtækinu miklu tjóni. Í því sambandi er bent á að samningar fyrirtækisins við starfsfólk séu uppsegjanlegir með 3-6 mánaða fyrirvara og eðlileg viðskipti hvað varðar birgðir og birgja séu í upplausn með fyrirsjáanlegu tjóni fyrir fyrirtækið.

Í lok bréfsins ítrekar Íslenskur markaður kröfugerð þá sem fram kemur í erindinu frá 3. maí sl. og krefst þess að Samkeppnisstofnun grípi tafarlaust til íhlutunar gagnvart FLE með bráðabirgðaákvörðun, sbr. heimild í 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 4. maí sl., var FLE sent erindi Íslensks markaðar, ásamt fylgiskj., til umsagnar. Þann 11. maí sl. var FLE sent bréf kvartanda frá 10. maí sl. ásamt fylgiskj. Umsögn Lögmannna Skólavörðustíg 12, f.h. FLE, barst stofnuninni með bréfi, dags. 17. maí 2004, ásamt fylgiskjölum.

Í bréfinu mótmælir FLE „...þeim kröfum og málsástæðum sem fram koma í erindi Íslensks markaðar hf. og krefst þess að kröfum sem þar koma fram verði í einu og öllu hafnað“. Í rökstuðningi FLE er í fyrsta lagi fjallað um réttaráhrif dóms Hæstaréttar frá 29. apríl sl., og segir þar meðal annars að í dómnum felist „...staðfesting á þeim lögfylgjum er fylgja eignarrétti á flugstöðinni, sem felast í rétti eiganda til að ráða skipulagi og notkun á mannvirkjum flugstöðvarinnar. Samkvæmt dómi Hæstaréttar verður réttur FLE til að skipuleggja, nota og ráðstafa verslunar- og þjónustuplássi í flugstöðinni ekki takmarkaður með vísan til samkeppnislaga nr. 8/1993“. FLE vísar jafnframt til forvals FLE sem kynnt var í forvalsgögnum í ágúst 2002 og var meginástæða þeirrar kvörtunar sem ákvörðun samkeppnisráðs nr. 2/2003, *Kvörtun vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf.*, byggði á og segir að fyrir utan forvalið, sem snúi að endurskipulagningu á öllu verslunar- og þjónusturými í flugstöðinni, þá liggi nú fyrir aðrar skipulagsbreytingar á fyrirkomulagi í flugstöðinni en fyrir lágu er umrætt forval fór í gang. Þá segir „Til að eigandi flugstöðvarinnar geti hrint þessum áformum sínum í framkvæmd verður hann óhjákvæmilega að segja upp þeim tímabundnu leigusamningum sem núverandi rekstraraðilar hafa“ og telur FLE að

umræddar ráðstafanir falli „...skýrlega innan lögvarins ráðstöfunarréttar eiganda fasteignar”.

FLE gerir í öðru lagi athugasemdir við erindi Íslensks markaðar og hafnar alfarið að í uppsögn á leigusamningi við félagið felist brot gegn 2. tl. ákvörðunarorða ákvörðunar samkeppnisráðs og segir furðu sæta „...að Íslenskur markaður vísi einungis til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 2/2003 og virðist byggja á að sú ákvörðun hafi með forsendum sínum verið staðfest. Til að hægt sé að tala um “staðfestingu” æðra stjórnvalds eða endurskoðun dómstóla á stjórnvaldsákvörðun á ákvörðun lægra setts stjórnvalds, felur slíkt í sér að forsendur og ákvörðunarorð lægra setts stjórnvalds séu staðfest óbreytt. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála gerbreytti forsendum ákvörðunarorða samkeppnisráðs og þar með inntaki þeirra og réttaráhrifum. Héraðsdómur og síðar Hæstiréttur staðfestu síðar báðir forsendur og ákvörðunarorð áfrýjunarnefndar samkeppnismála, en ekki samkeppnisráðs“.

FLE telur að af dómi Hæstaréttar sé fullljóst að félagið hafi fullar heimildir til að endurskipuleggja starfsemi innan flugstöðvarinnar og segja upp leigusamningum við leigjendur til þess að hrinda skipulagsbreytingum í framkvæmd. FLE segir uppsögn á leigusamningnum vera gerða í tengslum við heildarendurskipulagningu í flugstöðinni og leigusamningum annarra aðila verði sagt upp fljótlega. FLE bendir á að Íslenskur markaður sé langstærsti einstaki leigutakinn á verslunarplássu í flugstöðinni og segir að í hluta þess húsnæðis sem félagið hafi á leigu nú sé fyrirhuguð önnur starfsemi en verslun. FLE hafnar því alfarið að uppsögn leigusamnings félagsins við Íslenskan markað felist höfnun á Íslenskum markaði úr umræddu forvali.

FLE fjallar í þriðja lagi um skilyrði til töku bráðabirgðaákvörðunar 2. mgr. 8. gr. samkeppnislaga. Félagið bendir á að sjá megi „...af ákvörðunum samkeppnisráðs og áfrýjunarnefndar samkeppnismála að heimildir Samkeppnisstofnunar til að beita 8. gr. samkeppnislaga hafa ávallt verið skýrðar þröngt þar sem bráðabirgðaákvörðanir fela í sér undantekningu frá meginreglu um ákvörðunarvald samkeppnisráðs. Verulega brýnir hagsmunir þurfi að liggja við, sem krefjist tafarlausra viðbragða, t.d. til að koma í veg fyrir skyndilegt ólögmeitt ástand“.

FLE hafnar að slíku sé fyrir að fara í þessu máli. FLE leggur ennfremur „...áherslu á að Samkeppnisstofnun fari varlega með heimildir sínar í þessu efni og þeim verði einungis beitt þegar um sé að ræða ótvírætt brot á samkeppnislögum eða að ákvörðun sé tekin t.d. til þess að fylgja eftir ákvörðun samkeppnisráðs sem ekki hefur verið farið eftir“.

FLE segir þessi skilyrði ekki vera „...fyrir hendi í málinu og í raun sé ekkert í málinu er gefi tilefni til að beita heimildinni”.

FLE hafnar jafnframt að í þessu máli séu fyrir hendi skilyrði til að beita félagið stjórnvaldssektum sbr. 52. gr. samkeppnislaga og segir að FLE hafi orðið fyrir miklu

fjárhagstjóni vegna málsmeðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum og dómstólum vegna þeirrar seinkunar sem orðið hafi á framkvæmdum.

Að lokum segir að í ljósi undangenginnar umfjöllunar samkeppnisráðs, áfrýjunarnefndar samkeppnismála, héraðsdóms og Hæstaréttar telji FLE það ljóst að forvalið og framtíðarskipulag það sem stefnt sé að í flugstöðinni sé fullkomlega löglegt og hafna beri erindi Íslensks markaðar.

III. Niðurstaða

Í máli þessu er á því haldið fram að FLE hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga og ákvörðun samkeppnisráðs nr. 2/2003 með því að segja upp leigusamningi Íslensks markaðar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Er þess krafist að Samkeppnisstofnun taki ákvörðun til bráðabirgða í málinu. Af hálfu FLE er kröfum og málsástæðum Íslensks markaðar mótmælt.

Í 2. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að Samkeppnisstofnun sé heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál. Í 4. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfivalda, nr. 922/2001, kemur m.a. fram að Samkeppnisstofnun er „...heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál þegar sennilegt þykir að sú háttsemi eða aðstæður til athugunar fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Jafnframt er það skilyrði fyrir bráðabirgðaákvörðun að líklegt sé að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri niðurstöðu ráðsins eða málið að öðru leyti þolir ekki bið“.

Þar sem um er að ræða bráðabirgðaráðstöfun þarf eðli málsins samkvæmt ekki að skera endanlega úr því í máli þessu hvort sú háttsemi sem kvartað er yfir telst vera andstæð samkeppnisreglum. Ákvörðun um það bíður endanlegrar afgreiðslu samkeppnisráðs og í þeim tilvikum sem Samkeppnisstofnun grípur til bráðabirgðaráðstafana er mat stofnunarinnar á atvikum máls ekki bindandi fyrir ráðið. Engu að síður verður Samkeppnisstofnun eins og áður sagði að leggja mat á það hvort sennilegt sé á þessu frumstigi málsins að sú háttsemi sem kvartað er yfir feli í sér brot á samkeppnisreglum eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Þetta skilyrði getur verið uppfyllt ef kvartandi sýnir fram á það með nægum rökum eða leiðir af því nægum líkum að tiltekin háttsemi geti haft skaðleg áhrif á samkeppni og skýringar og athugasemdir þess sem kvartað er yfir þykja ekki á því stigi duga til að hnekkja þeim rökum eða líkum.

Taka verður til athugunar hvort krafa Íslensks markaðar um bráðabirgðaráðstafanir uppfylli framangreind skilyrði.

1.

Ljóst er að með úrskurði sínum nr. 1/2003 staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála að FLE skuli upplýsa Samkeppnisstofnun um það til hvaða aðgerða verði gripið í því skyni að tryggja að starfsemi FLE varðandi útleigu á verslunarrými o.fl. sé í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Þá staðfesti áfrýjunarnefnd fyrirmæli þess efnis að FLE fresti framkvæmd þess þáttar í forvali á viðskiptatækifærum í flugstöðinni sem hófst í ágúst 2002, er lýtur að rekstri verslana á frísvæði flugstöðvarinnar, þar til Samkeppnisstofnun hefur verið upplýst um aðgerðir flugstöðvarinnar, sbr. það sem áður segir. Ekki fæst séð að þær breytingar sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála gerði á forsendum ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 2/2003 breyti efni þeirrar skyldu sem felst í ákvörðunarorði þessarar ákvörðunar ráðsins. Ljóst er að FLE gerði hvorugt af framangreindu áður en leigusamningum við Íslenskan markað í flugstöðinni var sagt upp og þar af leiðandi er sennilegt að FLE hafi brotið gegn ákvörðunarorði samkeppnisráðs í nefndu máli, sbr. úrskurður áfrýjunarnefndar nr. 1/2003.

Í öðru í lagi er við mat á því hvort sennilegt sé að sú háttsemi FLE að segja upp leigusamningi Íslensks markaðar við þær aðstæður sem það var gert fari gegn 11. gr. samkeppnislaga að hafa hliðsjón af stöðu FLE á umræddum markaði. FLE hefur einkaleyfi til að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Af þessum sökum er ljóst að FLE er í markaðsráðandi stöðu á leigumarkaðnum fyrir verslunar- og þjónustuhúsnaði í flugstöðinni, sbr. úrskurður áfrýjunarnefndar nr. 1/2003.

Íslenskur markaður telur að uppsögn á leigusamningnum við hann án þess að sambærilegum aðgerðum sé beint gagnvart öðrum leigutökum í flugstöðinni, feli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu FLE.

Af hálfu FLE er því haldið fram að uppsögn leiguhúsnaðisins standi í tengslum við heildarendurskipulagningu á flugstöðinni. FLE telur fullljóst af dómi Hæstaréttar að FLE hafi fullar heimildir til að endurskipuleggja starfsemi innan flugstöðvarinnar og segja upp leigusamningum við leigjendur til þess að hrinda skipulagsbreytingum í framkvæmd og því hafi FLE ekki farið í bága við ákvörðunarorð áfrýjunarnefndar samkeppnismála með uppsögninni. Þá hafnar FLE því alfarið að þó FLE hafi unnið úr umsóknum sem bárust í forvalinu að ákvarðanir hafi verið teknar á grundvelli þeirrar vinnu. Engar endanlegar ákvarðanir verði teknar um forvalið eða hverjir verða valdir á grundvelli þess fyrr en FLE hafi kynnt fyrir Samkeppnisstofnun tillögur sínar eigi síðar en 16. júní nk.

Í nefndum úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála er komist að þeirri niðurstöðu að almennt falli leigu- og verslunarstarfsemi FLE undir gildissvið samkeppnislaga. Af lögum nr. 76/2000 leiði hins vegar að val FLE á húsnæði til eigin verslunar- eða þjónusturekstur og vöru- og þjónustuúrvali þar falli ekki undir samkeppnislög. Með þessum fyrirvara verði FLE að mati áfrýjunarnefndar að „*gæta þess að allar aðgerðir tengdar útleigu og skipulagningu verslunarrýmis byggji á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum þar sem alls jafnræðis sé gætt miðað við þær aðstæður sem þarna eru.*“ Jafnframt er tekið fram að FLE beri að leitast við að haga forvali og öðrum ráðstöfunum varðandi útleigu og vöru og þjónustuvali þannig að samkeppni bíði ekki skaða af.

Að mati Samkeppnisstofnunar felur úrskurður áfrýjunarnefndar það skýrlega í sér að ákvæði samkeppnislaga geta ekki takmarkað ákvarðanir FLE um val á húsnæði til eigin verslunar- eða þjónusturekstur og ákvarðanir um val á vöru- og þjónustuúrvali þar. Hins vegar ber að líta til þess að hér um að ræða undanþágu frá þeirri almennu niðurstöðu áfrýjunarnefndar að atvinnustarfsemi FLE falli undir samkeppnislög. Til að undanþágan eigi við verður að vera skýrt og ótvírætt að viðkomandi ráðstöfun falli undir þau atriði sem heyra ekki undir samkeppnislög. Þegar gögn málsins eru virt telur Samkeppnisstofnun ekki sennilegt að aðgerðir FLE í þessu máli falli undir þessa undanþágu. Því gilda ákvæði samkeppnislaga um þessar aðgerðir og verður því að meta hvort ofangreindum kröfum áfrýjunarnefndar hafi verið fylgt í þessu máli.

Af hálfu Íslensks markaðar hafa verið leiddar all sterkar líkur að því að uppsögn FLE á umræddum leigusamningi sé sértæk og ómálefnaleg aðgerð sem einvörðungu beinist að Íslenskum markaði. Ekkert hefur enn komið fram af hálfu FLE sem er til þess fallið að hnekkja þessu. Í samkeppnisrétti eru lagðar sérstakar skyldur á markaðsráðandi fyrirtæki um málefnaleg vinnubrögð og að gæta þess að mismuna ekki fyrirtækjum í samskonar viðskiptum, sbr. einnig ofangreind ummæli í úrskurði áfrýjunarnefndar. Þessar kröfur virðast hafa verið virtar að vettugi í máli þessu. Að mati Samkeppnisstofnunar er sennilegt að FLE hafi brotið í bága við 11. gr. samkeppnislaga þegar ákveðið var að segja upp húsaleigusamningum við Íslenskan markað eitt verslunarfyrirtækja í flugstöðinni, þegar að uppkveðnum nefndum dómi Hæstaréttar.

2.

Eins og áður hefur verið lýst er það annað af megin skilyrðum fyrir bráðabirgðaákvörðun að líklegt sé að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri niðurstöðu ráðsins eða málið að öðru leyti þoli ekki bið.

Í erindi Íslensks markaðar kemur m.a. fram að rekstur fyrirtækisins hafi verið með þeim hætti að tap er venjulega á rekstrinum níu mánuði ársins og einungis hagnaður í

þrjá mánuði eða yfir sumartímam þegar ferðamannafjöldi er mestur. Sá hagnaður muni að öllum líkindum ekki skila sér vegna yfirvofandi lokunar verslunarinnar og tímasetningar uppsagnar leigusamningsins. Þá séu starfsmenn Íslensks markaðar með 3-6 mánaða uppsagnafrest þannig að ljóst sé að greiða þurfi starfsfólki laun eftir að starfsemi lýkur fari svo að Íslenskum markaði verði gert að yfirgefa flugstöðina innan þriggja mánaða. Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppnisstofnun að háttsemi FLE kalli á skjótar aðgerðir samkeppnisyfivalda þar sem þær kæmu of seint að öðrum kosti. Loks má ætla, með hliðsjón af þeim skamma tíma sem Íslenskur markaður hefur til að rýma það húsnæði sem hann hefur á leigu, að röskun á samkeppni sem leiða kann af leiguuppsögninni verði ekki afstýrt með endanlegri niðurstöðu samkeppnisráðs.

Í ljósi alls framangreinds og með heimild í 8. gr. samkeppnislaga tekur Samkeppnisstofnun eftirfarandi ákvörðun til bráðabirgða í máli þessu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 tekur Samkeppnisstofnun eftirfarandi ákvörðun:

Með uppsögn á leigusamningum um húsnæði og aðstöðu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. á Keflavíkurflugvelli 30. apríl 2004 braut Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með uppsögninni braut Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. einnig gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 2/2003, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 1/2003.“